

þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, og hlutabréfaeign í hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., að því marki sem eignir þessar eru umfram skuldir, enda séu eignirnar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2000 vegna tekna og eigna ársins 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 78. gr. laganna er mönnum heimilt við álagningu ársins 2000 vegna eigna í árslok 1999 og við álagningu ársins 2001 vegna eigna í árslok 2000 að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvixla, ríkisbréf, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði, þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, alls að verðmæti 2.000.000 kr. hjá einstaklingi og 4.000.000 kr. hjá hjónum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Um eignir samkvæmt þessu ákvæði umfram framangreind eignamörk fer eftir ákvæðum 78. gr.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bætast“ í 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: skal þá óráðstöfuðum persónuafslætti annars makans bætt.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal óráðstöfuðum persónuafslætti annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., bætt við persónuafslátt hins með eftirfarandi hætti:

- a. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 skal bæta 85% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.
- b. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2002 vegna tekna á árinu 2001 skal bæta 90% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.
- c. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002 skal bæta 95% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 og við staðgreiðslu á því ári.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breyting á lögum nr. 105/1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og Alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

1. gr.

2. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands.

2. gr.

Í stað orðsins „bankamál“ í 11. gr. laganna kemur: yfirstjórn Seðlabankans.

Breyting á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu.

3. gr.

Við 19. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 88/1998, bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:

Ráðherra skipar einn mann og annan til vara til fimm ára í senn til að taka sæti í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

4. gr.

Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 88/1998, kemur: forsætisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.